


Nr.: STS-014	Tækniskólinn	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 12.12.2013	Samþykktir Tækniskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 4		

Samþykktir Tækniskólans ehf.

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess **Tækniskólinn ehf.** Heimilisfang þess er að Skólavörðuholti, 101 Reykjavík.

2. gr.

Markmið félagsins er að veita menntun, fræðslu og þjálfun á sviði bók- og verkmennta og í starfstengdum greinum eftir því sem þarfir og hagsmunir atvinnulífs og fyrirtækja á þessum sviðum krefjast á hverjum tíma. Verkefni félagsins taka til reglulegrar menntunar og menntastarfsemi, rannsókna og þróunar, námskeiða, endur- og símenntunar, starfsþjálfunar og námssamninga í atvinnulífi og einnig til sérfræðilegra ráðgjafar- og þróunarverkefna .

Með menntastarfsemi sinni stefnir félagið að því að efla íslenskt atvinnulíf og auka samkeppnishæfni þess. Allt starf félagsins skal samrýmast ákvæðum og skilmálum íslenskra laga og reglna og alþjóðareglna. Félagið veitir þjónustu sína þeim umsækjendum sem uppfylla skilyrði og aðstæður leyfa. Félagið veitir einnig almenna menntun og greiðir námsmönnum leiðir til framhaldsmenntunar.

Félagið stefnir að markmiði sínu m.a. með þjónustusamningum við ríkisvaldið um aðstöðu og fjárveitingar, um afnot áhalda, tækja, safns, gagna, húsnæðis til starfseminnar. Þá stefnir félagið að markmiðum sínum með því að taka að sér starfsemi menntastofnana á starfssviðum sínum, með þjónustusamningum við ríkisvaldið og aðra aðila og með skipulegu samstarfi við aðrar stofnanir og samtök.

3. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 100.000.000 – eitt hundrað milljónir 00/100. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,00.


4. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé með ályktun hluthafafundar. Stjórn hefur forkaupsrétt að hlutum fyrir hönd félagsins. Hluthafar hafa forkaupsrétt að fölum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína að félaginu sjálfu frágengnu. Eigendaskipti að hlutum öðlast gildi við tilkynningu til stjórnar. Verði ágreiningur um verð hluta skulu dómkvaddir menn um fjalla. Frestur forkaupsréttar er 2 mánuðir eftir að sannanleg tilkynning barst hluthafa. Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti án samþykkis félagsstjórnar. Aðeins hluthafafundur getur ákveðið lækkun hlutfjár og þá með samstöðu allra hluthafa. Stjórn skal halda hluthafaskrá að lögum.

5. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð umfram hluti sína í félaginu. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn nema landslög kveði á um slíkt. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína. Félagið má kaupa eigin hluti að lögmæltu marki. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir hluti í eigu félagsins.

6. gr.

Nr.: STS-014	Tækniskólinn	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 12.12.2013	Samþykktir Tækniskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 4		

Æðsta vald er í höndum lögmætra hluthafafunda. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er boðaður á sannanlegan hátt með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara öllum hluthöfum.

7. gr.

Aðalfund skal halda fyrir júlilok ár hvert. Skal hann boðaður öllum hluthöfum með sannanlegum hætti með minnst fjórtán daga fyrirvara og geta um sérstök fundarefni í fundarboði. Aukafundi skal halda að ákvörðun stjórnar eða að ósk hluthafa. Slík ósk skal berast stjórninni skriflega og fundarefni tilgreint, en þá skal boða fund innan fjórtán daga en með minnst viku fyrirvara.

8. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hluthafar mega veita öðrum skriflegt umboð. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema annað sé ákveðið í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að skylda hluthafa til að leggja fram fé umfram skuldbindingar sínar, til þess að takmarka heimild til meðferðar á hlutum og til þess að breyta ákvæðum samþykktu um réttindi og jafnræði í félaginu. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum verður að greina í fundarboði. Samstöðu allra hluthafa þarf til allra meiriháttar eða stefnumarkandi ákvarðana.

9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera með þessum hætti:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um hag félagsins, starfsemina undanfarið ár og fyrirætlunir um komandi tíma.
2. Ársreikningar, þar sem fram koma tillögur um meðferð hagnaðar eða taps, skýrðir ásamt álitum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar.
3. Kjör stjórnar og endurskoðanda.
4. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna.
5. Önnur mál löglega upp borin eða mál sem stjórn hefur undirbúið.

10. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm til sjö mönnum og fimm til vara. Stjórnarmenn eru kjörnir árlega á aðalfundi.


11. gr.

Stjórn félagsins fer með yfirstjórn allra málefna þess. Stjórninni ber að móta félaginu stefnu og hafa eftirlit með því að þeirri stefnu sé framfylgt. Stjórnin á einnig að stuðla að vexti og viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstrinum. Stjórninni ber að gæta hagsmuna allra hluthafa.

Stjórnin skal samþykkja ársreikninga og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Stjórnin hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á fjármálum, eignum og skuldbindingum.

Stjórn tekur ákvarðanir um:

- verulegar fjárfestingar eða endurbætur sem ekki eru innifaldar í samþykktri fjárhags- og rekstraráætlun.

Nr.: STS-014	Tækniskólinn	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 12.12.2013	Samþykktir Tækniskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 4		

- fjárfestingar- og rekstrarlán og aðra lánasamninga.
- sölu og veðsetningu fastafjármuna.
- samninga og meiriháttar viðskipti við þriðja aðila.

Stjórnin skal setja sér skriflegar starfsreglur. Í starfsreglum skal m.a. kveðið á um framsal á umboði til framkvæmdastjóra. Gerðir funda á vegum félagsins skulu færðar til bókar. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara með dagskrá. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Meirihluti stjórnarmanna getur skuldbundið félagið.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og ákveður starfskjör hans/þeirra. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Setja skal framkvæmdastjórum skriflegar starfsreglur.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum, sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

13. gr.

Á grundvelli tillagna framkvæmdastjóra ákvarðar stjórnin stjórnskipan, starfsháttu og skipulag, skólaráð og kennarafundi, deildir, námsframboð, námskrá, kennslufræði, gæðastjórnun, inntökuskilyrði, námsmat og útgáfu skírteina skólans, svo og skólagjöld, sjóði og ráðstöfun fjármuna og eigna. Stjórnin setur reglur um félagið og starfsemi þess í einstökum atriðum með ákvæðum og mælistikum um allt það er máli skiptir og snertir skyldur og réttindi félagsins, starfsmanna og námsmanna, og um samskipti þess við ríkisvaldið og aðra aðila.

14. gr.

Reikningsár félagsins er 1. janúar til 31. desember ár hvert. Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

15. gr.

Arður er ekki greiddur til hluthafa. Hagnaði skal aðeins ráðstafað til eflingar starfseminnar í samræmi við markmið félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samrýmast markmiðum og starfsemi félagsins, enda liggja fyrir ákvörðun stjórnar um ráðstöfun hverju sinni. Verði félaginu slitið skulu eignir umfram skuldir renna til almannaheilla í samræmi við ofangreint markmið félagsins.

16. gr.

Breytingar á þessum samþykktum verður að samþykkja með atkvæðum 2/3 hluthafa á lögmætum aðalfundi eða aukafundi. Með tillögur um slit félagsins skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur sem tekur ákvörðun um slit skal einnig ákvarða um ráðstöfun eigna, greiðslu

Nr.: STS-014	Tækniskólinn	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 12.12.2013	Samþykktir Tækniskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 4 af 4		

skulda og skuldbindingar félagsins, þar á meðal um réttindi þeirra námsmanna sem ekki hafa lokið námi.

Samþykktir þessar eru settar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með síðari breytingum.